

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.
Ellisif Bjarnadóttir
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 9. maí 2023
UST202304-133/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga – Deiliskipulag fyrir Vörðuás 5-9, Úthlíð í Bláskógabyggð

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Bláskógarbyggðar er barst 14. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir verslunar- og þjónustusvæði Vörðuás 5-9 í Úthlíð í Bláskógabyggð.

Í greinargerð kemur fram á Vörðuási 5-9 er heimilt að vera með ýmis konar þjónustu fyrir ferðamenn, s.s. gistingu fyrir allt að 50 gesti í gistihúsi/gestahúsum og veitingarekstur. Heildarstærð núverandi bygginga er 1163,6 m² og leyfilegt heildar byggingarmagn er allt að 1.850 m². Skipulagssvæði er 5,8 ha. að stærð. Auk þess kemur fram að innan skipulagssvæðisins er hraun sem nýtur verndar samkvæmt náttúruverndarlögum og hverfisverndarður birkiskógur.

Sérstök vernd náttúruverndarlaga

Í greinargerð kemur fram að innan skipulagssvæðisins er hraun sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruyfyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það fjallað sé nánar um áhrif veglagningar um skipulagssvæðið á birki og hraun og settir séu skýrari skilmálar varðandi verndun hrauns í samræmi við náttúruverndarlög.

Að mati Umhverfisstofnunar getur skipulagstillagan valda óafturkræfu raski á hrauni sem nýtur sérstakrar verndar og hafa því neikvæð áhrif á það og á svæði sem er á náttúruminjaskrá.

Ekki kemur fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á hrauninu en eins og tillagan er sett fram virðast einungis einkahagsmunir réttlæta röskun á hrauni.

Því þarf, í samræmi við ofangreint ákvæði náttúruverndarlaga, að koma fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á hrauninu.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Ríkey Kjartansdóttir

sérfræðingur